

138. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Hafsteinn H. Gunnarsson, Bryndís Skúladóttir, Eiður Guðmundsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Ingbór Guðmundsson, Már Karlsson, Ragna Halldórsdóttir.

Gestir: Kjartan Ingvarsson, Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Lúðvík Gústafsson, Samband íslenskra sveitarfélaga.

Staður og stund: Símafundur 8. nóvember 2012 kl. 14:00

Petta gerðist

Umræðuefnið var Haustfundur Fenúr þann 15. nóvember.

1. Kostnaður.
Ákveðið að láta kosta 5.500 fyrir félagsmenn, 7.500 fyrir utanfélagsmenn og 2000 fyrir námsmenn
2. Umræðuspurningar.
Ákveðið að hafa þrjár spurningar. Sú fyrsta um takmarkanir á urðun, önnur um gjalddöku og sú þriðja opin um önnur atriði. Einföld umræðuefni verði kynnt í dagskrá en nánari hugmyndir um umræðuefni kynnt á fundinum sjálfum.
3. Fundastjórn.
IG kannar hvort Elías Ólafsson geti tekið það að sér.
4. Hópstjórar.
Stjórnarmenn Fenúr taka það að sér og ráðuneyti er tilbúið til að hlaupa í skarðið.
5. Kynningar.
Fyrirlesarar eru tilbúnir til að halda sig innan tímaramma.
6. Úrvinnsla.
Hópstjórar taki með sér tölvu ef þeir vilja slá inn beint það sem fram kemur. Þeir taka svo saman tillögur sem fram koma á þeirra borði og skila til stjórnar og ráðuneytis. Blöðin sem skrifað er á fá þau með sér til að vinna úr.
7. Annað.
IG verður með myndavél og smellir af nokkrum myndum.

Fundi slitið kl. 15:00. Næsti fundur ákveðinn síðar.

Fundarritari: Bryndís Skúladóttir